

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gunnar Gunnarsson, fæddur 18.11. 1956, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 daga frá kl. 17:26 mánudaginn 26. janúar 1987 að telja.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1987.

Nr. 37/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Jóni Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. greinar laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1987. Kæran barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem segir í hinum kærða úrskurði fer nú fram rannsókn á ætluðum brotum nokkurra aðilja á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, lög nr. 75/1982 og lög nr. 13/1985, sbr. og reglugerð nr. 16/1986. Leikur rökstuddur grunur á að varnaraðili sé við brot þessi riðinn. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kæra úrskurðar þessa var að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. janúar 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 27. janúar var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins af Guðmundi Benediktssyni ftr. og uppkveðinn úrskurður þessi við undirritaða votta.

Málsatvik:

Undanfarna mánuði hafa lögreglu margsinnis borist upplýsingar um að Ólafur, Gunnar og Tryggvi Gunnarssynir standi í dreifingu fíkniefna.

Sl. sunnudag var nefndur Ólafur f. 20.4. 1955 handtekinn við komu flugleiðis til Keflavíkurflugvallar frá Kaupmannahöfn og fundust við leit á honum tæplega 500 g af ætluðu hassi.

Um miðjan sl. mánuð var Jón Sigurðsson, f. 3.5. 1964 (áður Þorgeir Jón Sigurðsson), handtekinn við komu frá Kaupmannahöfn og fundust þá á honum við tollleit á Keflavíkurflugvelli rúmlega 800 g af hassi, falin innan klæða.

Jón bar við yfirheyrslur hjá lögreglu að hafa staðið einn að þessum fíkniefnainnflutningi.

Rannsóknir lögreglu hafa leitt í ljós að Jón notaði falskt nafn, sem skráð var á flugfarseðilinn og að samferða honum út og heim aftur úr greindri ferð var Ólafur Gunnarsson, sem einnig gaf upp falskt nafn. Fylgja með gögnum málsins ljósrit af flugfarseðlum sem þeir notuðu að sögn lögreglu sbr. dskj. nr. 19.

Eins er nú komið í ljós að Jón tók út 13.nóvember sl. 2 x 15.000,- danskar krónur í ferðagjaldeyri og greiddi hann með tveimur tékkum, er hvor var að fjárhæð kr. 82.000,-- og var annar útgefinn af Gunnari Gunnarssyni, en hinn af Ólafi Gunnarssyni, en báðir voru tékkarnir fram-seldir af umræddum Jóni.

Jón var handtekinn sl. sunnudagskvöld. Bar hann á sama veg og fyrr hjá lögreglu og í gærkvöld hér fyrir dómi að hann hafi staðið einn að greindum fíkniefnainnflutningi í síðasta mánuði. Ólaf Gunnarsson kvaðst hann þekkja og sérstaklega aðspurður kvað hann Ólaf ekki hafa tekið þátt í þessum innflutningi með honum.

Aðspurður um greindar gjaldeyrisúttektir í sl. nóvember kvaðst hann hafa tekið hann út í greiðaskyni fyrir Ólaf.

Eiginkona Ólafs Gunnarssonar, Stella Stefánsdóttir, f. 26.4. 1956, var yfirheyrð sl. sunnudagskvöld og bar þá að Ólafur hafi farið nokkrar ferðir á sl. ári til fíkniefnakaupa. Kemur m.a. fram í hennar framburði að Jón Sigurðsson hafi farið með honum eina slíka ferð í desember sl. og að hlutverk hans hafi verið að bera fíkniefni fyrir Ólaf inn í landið.

Niðurstaða:

Verið er að rannsaka umfangsmikið ætlað brot nokkurra aðila gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. brl. og rg. 16, 1986 sbr. framangreint og framlögð gögn og tengist Jón Sigurðsson f. 3.5. 1964 þessum ætluðu brotum og tekur beinan þátt í þeim.

Rannsókn þessi er umfangsmikil eins og áður segir því margir koma við sögu og tími brotanna spannar nokkuð langan tíma að ætlað sé, en rannsókn er á frumstigi.

Rétt þykir því að verða við kröfu lögreglu og gera Jóni Sigurðssyni f. 3.5. 1964 að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður allt til 10. febrúar nk. kl. 20:49.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jón Sigurðsson, fæddur 3.5. 1964, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til 10. febrúar nk. kl. 20:49.

Fimmtudaginn 5. febrúar 1987.

Nr. 13/1986. **Skeifan h/f**

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

**Skiptaráðandanum í Reykjavík
f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar
og gagnsök**

(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.